

Og Katrín var gláðari en hún átti vanda til, og hún sýndist að miklum mun unglegri, en þegar ég síðast sá hana. Og svertingjarnir hoppuðu af kæti og klöppuðu saman lófnum, þegar þeir sáu mig koma; og Móses þurfti lengi að þreifa á útlimum mínum og liðamótum, til þess að ganga úr skugga um það, útlimirnir væru óbrottnir og liðamótin í góðu lagi.

Þegar ég var búinn að sitja um hrið í stofunni hjá Castilhó, og hann búinn að láta í ljósi allar hinar föðurlagu tilfinningar sínar gagnvart mér, þá kom Ísabella hlaupandi inn til okkar.

„Ó, hvað það gleður mig að sjá þig, kæri Haraldur!“ sagði hún og rétti mér hönd sína. „Vertu ævinlega velkominn heim!“

Ég stóð upp og heilsaði henni og þakkaði henni.

„Ó, ég var svo hrædd um, að þú myndir deyja!“ sagði hún; „ó, ég var svo hrædd!“ Hún bar vasaklútinn sinn upp að augum sér og virtist fá ekki.

„Púff!“ sagði Castilhó og horfði á mig, „hún hefir ekki verið mönnum sinnandi, stelpa, síðan þú fórst. — Úff! — Henni kippir í kynið: — trygg og trúföst — trölltrygg, eins og amman!“ Og hann púaði svo mikið, að kinnar hans urðu eins og tveir vænir blásturbelgir.

En Ísabella fékk enn ákafari ekki.

„Púff!“ hélt Castilhó áfram, „hún hefir ekki lesið eina einustu herjans skáldsögu, síðan þú fórst, því hugurinn hefir allur verið hjá þér — altaf hjá þér. Og ég er ekkert að álasa henni fyrir það, telpunni. Stefanó helgi! Svona var amman — og langamman. Svei mér ef það er ekki óðs manns æði, að spyrna á móti broddunum þeim!“ Hann púaði og blés ákaflega.

Og Ísabella hélt áfram að gráta, og ekkinn óx um allan helming.